

Kennsluáætlun, leikir og hreyfing - 2.bekkur

2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í leikjum og hreyfingu fer fram í einni kennslustund í viku hverri og eins oft og kostur gefst.

Kennsluaðferðir og markmið:

Boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar er farið í mismunandi einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitssemi. Nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum.

Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu hvers nemenda sem og áskoranirnar þar sem það á við. Kennari aðstoðar nemendur við þátttöku í leikjum.

Við munum nota útisvæðið og nærumhverfið til leikja, íþróttaiðkunnar og útivistar. Ef veðrið býður ekki upp á uppbyggilega útivist notum við skólastofuna fyrir spil, hreyfingu og innileiki.

Hópleikir

Farið í hópleiki þar sem bekkurinn fær tækifæri til þess að vinna saman að ólíkum verkefnum. Þar æfa nemendur samvinnu, málamiðlun og samskipti.

Námsmat:

Virkni og þátttaka í tímum.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.